

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundardagskrá 11. desember 2020

27. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 16:00.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2021-2024 (seinni umræða)

Umræða um rekstur og framkvæmdir vegna fjárhagsáætlunar 2021.

- Fasteignagjöld 2021
Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert.
Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkti að álagning fasteignagjalda 2020 verði sem hér segir:
Fasteignaskattur A lækkar úr 0,5% í 0,475% af hús- og lóðarmati.
Fasteignaskattur C lækkar úr 0,5% í 0,475% af hús- og lóðarmati.
Rotþrórgjald óbreytt og verður innheimt með fasteignagjöldum.
- Sorphirðugjöld 2021
Sveitarfélögum er skylt að innheimta gjald fyrir meðhöndlun sorps. Verður gjaldskrá skoðuð á komandi ári í tengslum við þróun sorpmála í sveitarfélaginu og þegar kostnaður við Förgu skýrist.
- Framkvæmdir og viðhald 2021
Rætt og ákveðið að halda áfram með viðhald í Héðinsminni og ýmsum innviðum á næsta ári.

2. Umsögn frá umhverfisnefnd Akrahrepps varðandi gjaldskrá sorphirðu

Erindi barst frá umhverfisnefnd Akrahrepps varðandi gjaldskrá sorphirðu. Gjaldskrá rædd og ákveðið að fresta umræðu fram á næsta ár.

3. Viðauki II við samning milli Akrahrepps og sveitarfélagsins Skagafjarðar um framkvæmd verkefna, dags. 30. ágúst 2019.

Lagður fram viðauki varðandi sorpmál. Viðauki ræddur og samþykktur.

4. Styrkbeiðnir

- Lestrarfélag Silfrastaðasóknar styrkt um 50.000 kr.
- Sönghópur Félags eldri borgara í Skagafirði styrktur

5. Samningur um Byggðasöguna

Samningur lagður fram og oddvita falið að samþykkja tillögu að nýjum samningi vegna útgáfu 10. og síðasta bindis Byggðasögunnar.

6. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 61. fundar stjórnar SSNV, 3. nóvember 2020.
- Bókun af 941. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 24. nóvember – Áskorun á Reykjavíkurborg.

Akrahreppur tekur heilshugar undir bókun Byggðaráðs Svf. Skagafjarðar og gerir að sinni.

7. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Fleira ekki rætt og fundi lauk kl. 19.00